

<b>MATVARA OG VEISLUÞJÓNUSTA - UMHVERFISSKILYRÐI</b>	Dags.	2012-08-30
	Útgáfa	1.1

---

## VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

---

Umhverfisskilyrðin eru sett fram á vegum verkefnisins Vistvæn innkaup sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, sjá nánar á [www.vinn.is](http://www.vinn.is).

Viðmiðin eru byggð á viðmiðum umhverfismerkjana; Norræni Svanurinn og Evrópublómið. Sé vara eða þjónusta vottuð með þessum umhverfismerkjum er það fullnægjandi staðfesting á því að viðmiðin í þessu skjali séu uppfyllt.



### Þessi skilyrði taka til eftirfarandi vöruflokka:

- Ávextir
- Grænmeti
- Fisk-og sjávarafurðir
- Kjöt- og mjólkurvörur
- Drykkir og drykkjarvörur
- Veitingaþjónusta

Yfirlit yfir viðmið sem tekið er á í skilyrðunum:

1. Matvara	2. Veitingaþjónusta
- Lífrænar matvörur	- Lífrænar matvörur
- Umbúðir án PVC	- Árstíðabundnar matvörur
- Umhverfisvæn framleiðsla	- Úrgangsmýndun og meðhöndlun úrgangs
- Sjálfbærar fiskveiðar	- Hreinlætispappír
	- Tækjabúnaður
	- Ræstivörur
	- Flutningar
	- Þjálfun starfsfólks
	- Skipulagt umhverfisstarf

Umhverfisskilyrðin skiptast í grunnviðmið og ítarviðmið. Við gerð útboðsgagna er hægt að nýta annað hvort grunn- eða ítarviðmiðin:

- **Grunnviðmið**; með þeim er lögð áhersla á mikilvægustu umhverfisáhrif vörunnar eða þjónustunnar. Viðmiðin eru þannig útfærð að það er tiltölulega auðvelt að sannreyna að þau séu uppfyllt.
- **Ítarviðmið**; gera meiri kröfur til vörunnar eða þjónustunnar um að hún sé sú besta á markaðnum. Til að sannreyna að ítarviðmiðin séu uppfyllt getur þurft meiri þekkingu á vistvænum innkaupum.


Grunn- og ítarviðmiðin samanstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

**Lágmarksskilyrði**; eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

**Matsviðmið**; má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðabætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

## HELSTU UMHVERFISÁHRIF

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ofauðgun, súrt regn og eituráhrif á heilsu manna og á umhverfið vegna notkunar eitrefna og tilbúins áburðar.</li> <li>• Skaðleg áhrif á vinnuumhverfi bænda og matvælaframleiðenda.</li> <li>• Ill meðferð á dýrum.</li> <li>• Orku- og vatnsnotkun við matvælaframleiðslu.</li> <li>• Skaðleg áhrif ræstiefna á fólk og umhverfi.</li> <li>• Úrgangur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kaupa lífrænt ræktaðar matvörur.</li> <li>• Kaupa matvæli sem eru ræktuð með vistvænum framleiðsluaðferðum.</li> <li>• Kaupa sjávarfang og kjötvörur sem eru ræktaðar eða veiddar með sjálfbærum aðferðum.</li> <li>• Kaup á dýraafurðum þar sem velferð dýra er virt.</li> <li>• Kaup á árstíðabundnum vörum.</li> <li>• Kaup á vörum í stórum pakkningum til að minnka umbúðamagn.</li> <li>• Forðast notkun einnota mataríláta, diska, drykkjarmála og hnífapara.</li> <li>• Þjálfun starfsmanna í veitingaþjónustu í umhverfismálum.</li> <li>• Minnka notkun skaðlegra efna við framleiðslu og fullvinnslu matvæla.</li> <li>• Draga úr losun skaðlegra efna vegna flutninga veitingaþjónustu.</li> </ul>



# 1 MATVARA

GRUNNVIÐMIÐ	ÍTARVIÐMIÐ
LÁGMARKSSKILYRÐI	LÁGMARKSSKILYRÐI
<p><b>1. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hlutfall [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] skal vera lífrænt framleitt samkvæmt EC reglugerð nr. 834/2007.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Sé varan eða þjónusta merkt „Lífrænt vottuð“ með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki fyrir lífræna framleiðslu er umhverfisviðmiðið uppfyllt.</p>	<p><b>1. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hlutfall [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] skal vera lífrænt framleitt samkvæmt EC reglugerð nr. 834/2007.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Sé varan eða þjónusta merkt „Lífrænt vottuð“ með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki fyrir lífræna framleiðslu er umhverfisviðmiðið uppfyllt.</p>
<p><b>2. Umbúðir</b></p> <p>Ef vara er afhent í umbúðum úr plasti skulu umbúðirnar ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið séu uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.</p>	<p><b>2. Umbúðir</b></p> <p>Ef vara er afhent í umbúðum úr plasti skulu umbúðirnar ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið séu uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.</p>
MATSVIÐMIÐ	MATSVIÐMIÐ

<p><b>1. Umhverfismerki</b></p> <p>Varan þarf að uppfylla skilyrði viðurkennds umhverfismerkis (Tegund I), svo sem norræna Svaninn eða Evrópublómið. Sé þessu skilyrði fullnægt fær bjóðandi fullt hús stiga fyrir matsviðmið og þarf ekki að gera frekari grein fyrir öðrum matsviðmiðum.</p>	<p><b>1. Umhverfismerki</b></p> <p>Varan þarf að uppfylla skilyrði viðurkennds umhverfismerkis (Tegund I), svo sem norræna Svaninn eða Evrópublómið. Sé þessu skilyrði fullnægt fær bjóðandi fullt hús stiga fyrir matsviðmið og þarf ekki að gera frekari grein fyrir öðrum matsviðmiðum.</p>
<p><b>2. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hærra hlutfall en [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] í lágmarksskilyrðunum sem bjóðandi þarf að uppfylla til að fá aukastig.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Sé varan eða þjónusta merkt „Lífrænt vottuð“ með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki fyrir lífræna framleiðslu er umhverfisviðmiðið uppfyllt.</p>	<p><b>2. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hærra hlutfall en [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] í lágmarksskilyrðunum sem bjóðandi þarf að uppfylla til að fá aukastig.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Sé varan eða þjónusta merkt „Lífrænt vottuð“ með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki fyrir lífræna framleiðslu er umhverfisviðmiðið uppfyllt.</p>
<p><b>3. Umbúðir</b></p> <p>Veitt eru stig ef matvara:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- er afhent/afgreidd í ytri umbúðum og/eða flutningsumbúðum úr meira en 45% endurunnu efni</li> <li>- er afhent í umbúðum úr endurnýjanlegu hráefni</li> <li>- er ekki afhent í stökum skömmtum (einnar einingar umbúðum)</li> </ul> <p><b>Staðfesting:</b> Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.</p>	<p><b>3. Umbúðir</b></p> <p>Veitt eru stig ef matvara:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- er afhent/afgreidd í ytri umbúðum og/eða flutningsumbúðum úr meira en 45% endurunnu efni</li> <li>- er afhent í umbúðum úr endurnýjanlegu hráefni</li> <li>- er ekki afhent í stökum skömmtum (einnar einingar umbúðum)</li> </ul> <p><b>Staðfesting:</b> Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.</p>

#### 4. Fiskeldi og sjávarafurðir

Hlutfall fiskeldis- og sjávarafurða sem eru framleiddar eða veiddar samkvæmt sjálfbærum aðferðum eins og reglur fyrir sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi segja til um.

**Staðfesting:** Viðmið er talið uppfyllt ef fiskeldis- og sjávarafurðir sem bera merki yfirvalda fyrir sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi. Öll önnur skjöl sem sýna fram á að viðmið viðeigandi umhverfismerkis um sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi séu uppfyllt verða einnig samþykkt.

## 2 VEITINGAÞJÓNUSTA

GRUNNVIÐMIÐ	ÍTARVIÐMIÐ
LÁGMARKSSKILYRÐI	LÁGMARKSSKILYRÐI
<p><b>1. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hlutfall [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti, eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] skal að vera lífrænt framleitt samkvæmt EC reglugerð nr. 834/2007.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Þjónustuaðilar sem hafa hlotið vottun umhverfismerkis fyrir veitingastaði (Tegund I) eru taldir uppfylla viðmiðin ef þeir tilgreina hlutfall lífrænnar matvöru sem nota skal í viðeigandi samningi. Sé varan eða þjónusta merkt „Lífrænt vottuð“ með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki fyrir lífræna framleiðslu er umhverfisviðmiðið uppfyllt. Að öðrum kosti skal tilgreina hvernig skilyrði tilboðsins verði uppfyllt.</p>	<p><b>1. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hlutfall [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti, eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] skal að vera lífrænt framleitt samkvæmt EC reglugerð nr. 834/2007.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Þjónustuaðilar sem hafa hlotið vottun umhverfismerkis fyrir veitingastaði (Tegund I) eru taldir uppfylla viðmiðin ef þeir tilgreina hlutfall lífrænnar matvöru sem nota skal í viðeigandi samningi. Sé varan eða þjónusta merkt „Lífrænt vottuð“ með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki fyrir lífræna framleiðslu er umhverfisviðmiðið uppfyllt. Að öðrum kosti skal tilgreina hvernig skilyrði tilboðsins verði uppfyllt.</p>
<p><b>2. Árstíðabundnar matvörur</b></p> <p>Í þeim tilvikum þar sem verktakinn útbýr matseðilinn skulu helstu ávextir, grænmeti og sjávarafurðir sem boðið er upp á vera valin eftir árstíðabundinni uppskeru, sé þess kostur. Ráðlögð viðmið eru að finna í árstíða dagatalinu í Viðauka X (sem er nánar skilgreindur af samningsyfirvöldum)</p> <p><b>Athugasemd:</b> Kaupandi skal að skilgreina hvað teljast árstíðarbundin matvæli og í hve miklum mæli þau skulu keypt.</p>	<p><b>2. Árstíðabundnar matvörur</b></p> <p>Í þeim tilvikum þar sem verktakinn útbýr matseðilinn skulu helstu ávextir, grænmeti og sjávarafurðir sem boðið er upp á vera valin eftir árstíðabundinni uppskeru, sé þess kostur. Ráðlögð viðmið eru að finna í árstíða dagatalinu í Viðauka X (sem er nánar skilgreindur af samningsyfirvöldum).</p> <p><b>Athugasemd:</b> Kaupandi skal að skilgreina hvað teljast árstíðarbundin matvæli og í hve miklum mæli þau skulu keypt.</p>
<p><b>3. Umbúðir</b></p>	<p><b>3. Hreinlætispappír</b></p>

<p>Ef vara er afhent í umbúðum úr plasti skulu umbúðirnar ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.</p>	<p>Eldhúspappír eða servíettur sem notuð eru við þjónustuna skulu unnar úr endurunnum trefjum eða trefjum frá sjálfbærum skógum.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Sé varan eða þjónusta merkt „Lífrænt vottuð“ með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki fyrir lífræna framleiðslu er umhverfisviðmiðið uppfyllt.</p> <p>Veitandi þjónustu getur einnig sýnt fram á það með öðrum hætti að viðmið séu uppfyllt leggi hann fram fullnægjandi skjalfestingu þar að lútandi.</p>
<p><b>MATSVIÐMIÐ</b></p>	<p><b>MATSVIÐMIÐ</b></p>
<p><b>1. Umhverfismerki</b></p> <p>Þjónustan þarf að uppfylla skilyrði viðurkennds umhverfismerkis (Tegund I), svo sem norræna Svansins, eða Evrópublómsins. Sé þessu skilyrði fullnægt fær bjóðandi fullt hús stiga fyrir matsviðmið og þarf ekki að gera frekari grein fyrir öðrum matsviðmiðum.</p>	<p><b>1. Umhverfismerki</b></p> <p>Þjónustan þarf að uppfylla skilyrði viðurkennds umhverfismerkis (Tegund I), svo sem norræna Svansins, eða Evrópublómsins. Sé þessu skilyrði fullnægt fær bjóðandi fullt hús stiga fyrir matsviðmið og þarf ekki að gera frekari grein fyrir öðrum matsviðmiðum.</p>
<p><b>2. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hærra hlutfall en [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] í lágmarksskilyrðunum sem bjóðandi þarf að uppfylla til að fá aukastig.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Þjónustuaðilar sem hafa hlotið vottun umhverfismerkis fyrir veitingastaði (Tegund I) eru taldir uppfylla viðmiðin ef þeir tilgreina hlutfall lífrænnar matvöru sem nota skal í viðeigandi samningi. Að öðrum kosti skal tilgreina hvernig skilyrði tilboðsins verði uppfyllt.</p>	<p><b>2. Lífrænar matvörur</b></p> <p>Hærra hlutfall en [X] % af [skilgreinda vöruflokka eins og mjólkurvörur, kornmeti, kjöt, grænmeti eða tilteknum vörum t.d. kartöflur, tómatar, nautakjöt, egg] í lágmarksskilyrðunum sem bjóðandi þarf að uppfylla til að fá aukastig.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Þjónustuaðilar sem hafa hlotið vottun umhverfismerkis fyrir veitingastaði (Tegund I) eru taldir uppfylla viðmiðin ef þeir tilgreina hlutfall lífrænnar matvöru sem nota skal í viðeigandi samningi. Að öðrum kosti skal tilgreina hvernig skilyrði tilboðsins verði uppfyllt.</p>



<p><b>3. Umbúðir</b></p> <p>Hlutfall matvöru sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- er afhent/afgreidd í ytri umbúðum og/eða flutningsumbúðum úr meira en 45% endurunnu efni,</li> <li>- er afhent í umbúðum úr endurnýjanlegu hráefni,</li> <li>- er ekki afhent í stökum skömmtum (einnar einingar umbúðum).</li> </ul> <p><b>Staðfesting:</b> Þjónustuaðilar sem hafa hlotið vottun umhverfismerkis fyrir veitingastaði (Tegund I), svo sem norræna Svansins eða Evrópublómsins, eru taldir uppfylla viðmiðin ef þeir tilgreina hlutfall lífrænnar matvöru sem nota skal í viðeigandi samningi.</p>	<p><b>3. Umbúðir</b></p> <p>Hlutfall matvöru sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- er afhent/afgreidd í ytri umbúðum og/eða flutningsumbúðum úr meira en 45% endurunnu efni,</li> <li>- er afhent í umbúðum úr endurnýjanlegu hráefni,</li> <li>- er ekki afhent í stökum skömmtum (einnar einingar umbúðum).</li> </ul> <p><b>Staðfesting:</b> Þjónustuaðilar sem hafa hlotið vottun umhverfismerkis fyrir veitingastaði (Tegund I), svo sem norræna Svansins eða Evrópublómsins, eru taldir uppfylla viðmiðin ef þeir tilgreina hlutfall lífrænnar matvöru sem nota skal í viðeigandi samningi.</p>
	<p><b>4. Fiskeldi og sjávarafurðir</b></p> <p>Hlutfall fiskeldis- og sjávarafurða sem eru framleiddar eða veiddar samkvæmt sjálfbærum aðferðum eins og reglur fyrir sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi segja til um.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Viðmið er talið uppfyllt ef fiskeldis- og sjávarafurðir sem bera merki yfirvalda fyrir sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi. Öll önnur skjöl sem sýna fram á að viðmið viðeigandi umhverfismerkis um sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi séu uppfyllt verða einnig samþykkt.</p>
	<p><b>5. Tækjabúnaður</b></p> <p>Tæki/búnaður skal uppfylla eftirfarandi viðmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ísskápar og frystikistur sem veitingaþjónustan notar skulu vera án ósoneyðandi efna: HCFC og HFC.</li> <li>- Búnaðurinn skal uppfylla einn eða fleiri af eftirfarandi</li> </ul>

	<p>orkunýtnistöðlum: ENERGY STAR, Orkumerki EB (flokkur A) eða sambærilegir staðlar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Búnaðurinn skal nýta vatn í samræmi við flokk A í Orkumerki EB eða sambærilegan staðal.</li> </ul> <p><b>Staðfesting:</b> Þjónustuaðilar skulu að leggja fram lista yfir búnaðinn sem er notaður við þjónustuna. Tilgreina skal hvort og þá hvaða búnaður er vottaður eða leggja fram aðra fullnægjandi skjalfestingu á að viðmiðin séu uppfyllt.</p>
	<p><b>6. Ræstivörur</b></p> <p>Ræstivörur sem notaðar eru við þjónustuna skulu uppfylla grunnviðmið úr viðmiðunarskjali fyrir ræstivörur og ræstiþjónustu.</p> <p><b>Staðfesting:</b> Sama og í grunnviðmiðum í viðmiðunarskjali fyrir ræstivörur og ræstiþjónustu</p>
<p><b>ÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMD SAMNINGS</b></p>	<p><b>ÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMD SAMNINGS</b></p>
<p><b>1. Úrgangsmýndun og meðhöndlun úrgangs</b></p> <p>Til þess að draga úr úrgangi skulu mat- og drykkjarvörur bornar fram á margnota borðbúnaði. Einnig skal að nota endurnýtanlega borðdúka eða borðdúka sem eru unnir úr endurnýtanlegum hráefnum.</p> <p>Úrgang vegna veitingaþjónustunnar skal flokka samkvæmt reglum viðeigandi yfirvalds um flokkun og endurvinnslu. Flokka skal að minnsta kosti í eftirtalda flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Plast</li> <li>- Bylgjupappa og pappa</li> <li>- Lífrænan úrgang</li> <li>- Skilagjaldsskyldar umbúðir</li> </ul>	<p><b>1. Úrgangsmýndun og meðhöndlun úrgangs</b></p> <p>Til þess að draga úr úrgangi skulu mat- og drykkjarvörur bornar fram á margnota borðbúnaði. Einnig skal að nota endurnýtanlega borðdúka eða borðdúka sem eru unnir úr endurnýtanlegum hráefnum.</p> <p>Úrgang vegna veitingaþjónustunnar skal flokka samkvæmt reglum viðeigandi yfirvalds um flokkun og endurvinnslu. Flokka skal að minnsta kosti í eftirtalda flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Plast</li> <li>- Bylgjupappa og pappa</li> <li>- Lífrænan úrgang</li> <li>- Skilagjaldsskyldar umbúðir</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- Málmar</li> <li>- Blandaður úrgangur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Málmar</li> <li>- Blandaður úrgangur</li> </ul>
<p><b>2. Flutningar</b></p> <p>Öll ökutæki sem notuð eru til þess að veita þjónustuna skulu a.m.k. uppfylla skilyrði um útblástur samkvæmt EURO 4 staðli.</p> <p>Þjónustuaðilar skulu að leggja fram skrá yfir ökutækin sem notuð verða við að veita þjónustuna ásamt tækniskýrslum eða staðfestingu með upplýsingum um útblástur hvers ökutækis.</p>	<p><b>2. Flutningar</b></p> <p>Öll ökutæki sem notuð eru til þess að veita þjónustuna skulu a.m.k. uppfylla skilyrði um útblástur samkvæmt EURO 4 staðli.</p> <p>Þjónustuaðilar skulu að leggja fram skrá yfir ökutækin sem notuð verða við að veita þjónustuna ásamt tækniskýrslum eða staðfestingu með upplýsingum um útblástur hvers ökutækis.</p>
	<p><b>3. Þjálfun starfsfólks</b></p> <p>Starfsfólk veitingaþjónustunnar skal hafa hlotið þjálfun í lágmarkun og flokkun úrgangs, sem og fræðslu um þær vörur sem notaðar eru (þ.e. uppruna og umhverfisgæði vöru). Með samningi milli kaupanda og þjónustuaðila skal sá síðarnefndi leggja fram fræðsluáætlun. Við lok samningstímabilsins skal þjónustuaðili skila vottorði til kaupanda um þá fræðslu sem allt starfsfólk hefur hlotið á tímabilinu.</p>
	<p><b>4. Rekstur tengdur þjónustunni</b></p> <p>[Ef hæfi bjóðenda er ekki valið] Þjónustuaðili skal kaupa matvörur sem eru framleiddar með sem minnst skaðlegum umhverfisáhrifum. Á fyrstu mánuðum samningstímabilsins skal þjónustuaðili auk þess skipuleggja og skrásetja umhverfisvæna starfshætti fyrir a.m.k. eftirtalin atriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Veigamestu umhverfisþætti veitingaþjónustunnar og hvernig þessir þættir verða metnir og skjalfærðir.</li> <li>- Val, meðhöndlun og geymslu matvæla.</li> <li>- Með hvaða hætti úrgangur er haldið í lágmarki og hann flokkaður.</li> <li>- Hvernig orku- og vatnsnotkun er haldið í lágmarki við</li> </ul>

	matargerð og flutninga. Hvernig fræðslu og þjálfun starfsmanna er háttað.
	<b>HÆFI BJÓÐENDA</b>
	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Þjónustuaðili skal sýna fram á að hann búi yfir tæknilegri og faglegri getu til þess að uppfylla umhverfisþætti samningsins með;             <ul style="list-style-type: none"> <li>- umhverfisstjórnunarkerfi fyrir veitingaþjónustu (svo sem EMAS, ISO 14001, umhverfismerkingu samkvæmt Svaninum eða samsvarandi kerfi, eða umhverfisstefnu fyrir veitingaþjónustu og verklagsreglur um hvernig veita megji þjónustuna á umhverfisvænan máta, eða staðfestingar á fyrri reynslu af umhverfisstjórnun við hliðstæðar kringumstæður.</li> </ul> </li> </ol>

## ÚTSKÝRINGAR

Tiltekið hlutfall [X] % af lífrænni matvöru: Samningsyfírvöld (kaupandi) skulu gera grein fyrir því hvernig hlutfallið er metið annað hvort eftir magni, vigt eða verði.

Árstíðabundin framleiðsla: Árstíðarbundin framleiðsla er vörur sem eru ræktaðar utandyra á svæði þar sem keypt er inn. Samningsyfírvöld (kaupandi) skulu útbúa eða nota þegar tilbúið árstíðardagatal sem gildir fyrir viðkomandi svæði og setja í viðauka samnings sín á milli. Í árstíðardagatalinu skal koma fram hvenær helstu matvörur svo sem grænmeti, ávextir eða sjávarafurðir eru ræktaðar/veiddar á svæðinu. Þó ber að hafa í huga að ekki er nauðsynlegt að vörurnar komi af viðkomandi svæði.